

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 113/2003

frá 26. september 2003

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun nr. 187 frá 27. júní 2002 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 111 og E 111B) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3.62 (ákvörðun nr. 186) í VI. viðauka við samninginn:

„3.63. **32003 D 0251:** Ákvörðun nr. 187 frá 27. júní 2002 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beitingar reglugerða ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 111 og E 111B) (Stjtið. ESB L 93, 10.4.2003, bls. 40).“

2. gr.

Texti ákvörðunar nr. 187 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. september 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 93, 31.7.2003, bls. 16 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 93, 10.4.2003, bls. 40.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-
viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.